



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (eignaupptaka án sakfellingar). 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 137 – 137. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Með frumvarpinu er leitast við að sporna gegn ólögumætri auðgun með því að lögfasta heimild til eignaupptöku verðmæta sem hafa komið til vegna ólögumætra aðgerða, án þess að sakfelling liggja fyrir eða dómur um refsiverða háttsemi.

MRSÍ telur frumvarpið í heild sinni jákvætt þar sem það veitir auknar heimildir til að sporna gegn því að brotamenn fái notið þess ágóða sem hlýst af refsiverðri háttsemi og glæpastarfsemi. Einnig er líklegt að í frumvarpinu felist ákveðin varnaðaráhrif gegn auðgunarglæpum þar sem minni líkur verði á að brotamenn geti hagnast af ólögumætri starfsemi, verði frumvarpið að lögum.

Hins vegar telur MRSÍ rétt að minna á að skv. 72. gr. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er eignarrétturinn friðhelgur. Af því leiðir að engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, slíkt sé gert lögum samkvæmt og að fullt verð komi fyrir. Hins vegar er ljóst að illa fengið fé og/eða verðmæti njóta ekki verndar eignarréttarins og er því slík eignaupptaka heimild skv. stjórnarskrá. Samt sem áður er nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar við framkvæmd slíkra aðgerða þar sem töluvert er slakað á sönnunarkröfum hvað uppruna meints ágóða varðar. Vanda þarf því sérstaklega til framkvæmdar frumvarpsins og setja skýrar og nákvæmar reglur þar að lútandi svo girt verði fyrir eftir fremsta megni að eignaupptökur án sakfellinga brjóti ekki á eignarrétti fólks. Enn fremur ber við slíka lagasetningu að gæta meðalhófs í hvívetna, þ.e. að aldrei sé gengið lengra en þörf er á til að ná tilætluðu markmiði. Í ljósi þessa hvetur MRSÍ til þess að ávallt sé tryggt að forsendur eignaupptöku og kyrrsetningu eigna verði til staðar með ótvíræðum hætti áður en lagt er í slíkar aðgerðir.

Lagaheimild sú sem frumvarpið mælir fyrir um samrýmist alþjóðasamningum og nýtur stuðnings alþjóðastofnana sem mikilvægt tól í baráttunni við auðgunarbrot. Í því sambandi ber helst að nefna 54. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (UNCAC) frá 2004 sem mælir sérstaklega fyrir um að aðildarríki taki upp heimild til eignaupptöku án sakfellingar. Auk þess hefur Mannréttindadómstóll Evrópu ákvarðað í máli *Dassa Foundation v. Liechtenstein* frá 2007 að



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

afturvirkar heimildir til eignaupptöku án sakfellingar brjóti ekki á mannréttindasáttmála Evrópu. Í dóminum segir m.a. að ef slíkum úrræðum yrði ekki heimilt að beita afturvirkt, yrði mönnum gefið tækifæri á að auðgast á athöfnum sem þegar voru ólögðar á þeim tíma sem þær voru framkvæmdar, en slíkt sé óviðunandi.

Af framangreindu er ljóst að heimildir til eignaupptöku án sakfellingar samrýmast alþjóðareglum og njóta víðtæks stuðnings alþjóðasamfélagsins. Hins vegar gerir MRSÍ athugasemd við skort á ákvæði í frumvarpinu sem mælir fyrir um ráðstöfun andlags eignaupptöku. MRSÍ telur rétt að benda stjórnvöldum á ákvæði 57. gr. UNCAC sem setur reglur um ráðstöfun á andlagi eignaupptöku, sem mæla m.a. fyrir um að það skuli renna til fórnarlamba tiltekinnar brotastarfsemi. Slíkt ákvæði heimilar þannig t.d. að ólögð mætur ágóði sem hefur verið gerður upptækur í mansalsmáli, renni fyrst og fremst til greiðslu skaðabóta til fórnarlamba og það sem afgangi mætir, renni þá til aðstoðar og endurhæfingar fórnarlamba mansals í stað þess að falla til ríkissjóðs. Í ljósi þessa beinir MRSÍ því til stjórnvalda hvort ekki væri rétt að setja reglur sem mæli fyrir um hvernig ráðstöfun andlags eignaupptöku verði háttáð, og þá fyrst og fremst í þágu fórnarlamba þeirra brota sem ágóðinn hlaust af.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri